

Þriðjudaginn 30. maí 1989.

Nr. 9/1989.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gunnari Gunnarssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Brenna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða 6. desember 1988. Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en refsing þyngd.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal vottorð Ingólfs S. Sveinssonar lækis um núverandi andlega hagi ákærða.

I.

Í málinu liggur fyrir álitserð tveggja sérfróðra manna, sem tilnefndir voru að ósk Rannsóknarlögreglu ríkisins 6. júní 1988 með vísan til 23. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál. Samkvæmt því, er segir í álitserðinni, eru þeir tilnefndir af brunamálastjóra, en ekki af stjórn Brunamálastofnunar ríkisins samkvæmt tillögu hans. Er þetta í andstöðu við greint lagaákvæði. Í málinu kemur ekki fram hvenær umræddir menn voru tilnefndir. Vettvangsathugun fór ekki fram fyrr en 23. júní 1988, en þá voru liðnir 18 dagar frá brunanum. Til þess að athugun sérfróðra manna við úrlausn brennumála komi að tilætluðum notum, þarf rannsókn á vettvangi að fara fram svo fljótt sem við verður komið og til muna fyrr en hér varð raunin. Ofangreindir gallar á rannsókn málsins eru aðfinnsluverðir.

II.

Með hliðsjón af 2. tl. a 242. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um frávísun ákæru samkvæmt 231. gr. sömu laga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu hans á broti ákærða til refsíákvæða svo og um refsíákvörðun og frádrátt á refsingunni vegna gæsluvarðhaldsvistar ákærða.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Gunnarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 22. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 614/1988: Ákærvaldið gegn Gunnari Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 7. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 6. júlí sl., á hendur ákærða, „Gunnari Gunnarssyni, Skeiðarvogi 97, Reykjavík, fæddum þar í borg 18. nóvember 1956, fyrir húsbrot og brennu með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. júní 1988 brotist inn í stigagang sambýlishússins Torfufell 31 í Reykjavík með því að brjóta rúðu við útidyr á jarðhæð og að brjótast síðan inn í íbúð fyrrverandi eiginkonu sinnar, Guðrúnar Óskarsdóttur, á 4. hæð til hægri í húsinu, sem var mannlaus, og eftir stutta viðdvöl þar borið þar eld í innanstokksmuni og innréttingar í fjórum herbergjum, í leðursófa í stofu, í eldhúsi, í svefnherbergi og í barnaherbergi, svo að af hlaust eldsvoði og verulegt eignatjón á íbúðinni og öllu innbúi og hafði í för með sér hættu fyrir íbúana og á enn frekara eignatjóni á húseigninni, en stigahúsið var sameiginlegt fyrir 10 íbúðir og í þeim íbúðum var um nóttina 21 íbúi.

Telst brot ákærða varða við 231. gr. og 164. gr., til vara við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Kl. 5.30 aðfaranótt sunnudagsins 5. júní sl. var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um eld í íbúð að Torfufelli 31 hér í borg. Samkvæmt skýrslu Steins Ólasonar lögreglumanns fóru lögreglumenn þegar á vettvang. Skömmu síðar kom sjúkrafíreidd og slökkvilið fljótlega þar á eftir. Þegar lögreglumennirnir komu á vettvang var mikill reykur upp af húsinu, og kom hann út um glugga á 4. hæð. Var glerið í glugganum sprungið og glerbrot að brotna úr rúðunni og falla til jarðar. Nokkrir íbúa í húsinu voru komnir út á bílastæði, en aðrir voru enn í íbúðum sínum. Voru íbúar í íbúð á 4. hæð fyrir miðju komnir út á svalir. Samkvæmt skýrslu þessari var mikill reykur í stigagangi hússins, „nánast eins og svartur veggur þegar dyrnar voru opnaðar á ganginum niðri“. Fóru lögreglumennirnir strax í að halda fólki frá vettvangi, svo að það færi ekki inn í reykinn eða truflaði störf slökkviliðsins.

Á vettvangi gaf sig fram við lögregluna Birna Halldórsdóttir, íbúi í íbúð á 2. hæð hússins. Kvaðst hún hafa tilkynnt um eldinn og hefði sonur sinn, Geir Ómarsson Waage, gert sér viðvart. Hefði hann verið að horfa á myndband og farið úr stofunni og fram í eldhús. Þá hefði hann fundið brunalykt og litið út um glugga í eldhúsinu og þá séð reyk koma frá efstu hæðinni.

Fljótlega komu upp grunsemdir um að ákærði kynni að hafa verið þarna á ferð, þar sem lögreglan hafði þurft að hafa afskipti af honum um kl. 4.00 um nóttina í umræddri íbúð að Torfufelli 31, en þá hafði verið tilkynnt um rúðubrot í anddyri þar. Er lögreglumenn komu þá á vettvang og fóru upp á 4. hæð, tóku þeir eftir, að dyrakarmur á íbúðinni til hægri var brotinn, og var sjáanlegt, að hurðinni hafði verið sparkað upp. Gaf ákærði sig fram við lögregluna innan dýra. Kvaðst hann vera nýkominn heim og búa þarna. Viðurkenndi ákærði að hafa brotið rúðu í anddyri hússins, en kvað skemmdirnar á dyrakarminum vera gamlar. Yfirgaf lögreglan íbúðina við svo búíð.

Auk þessara afskipta lögreglu af ákærða er þess að geta að Guðrún Óskarsdóttir, eigandi umræddrar íbúðar á 4. hæð til hægri og fyrrverandi eiginkona ákærða, kom til lögreglunnar kl. 23.15 kvöldið áður illa til reika, skólaus og án yfirhafnar. Kvað hún ákærða hafa slegið sig í andlitið fyrr um kvöldið og einnig hefði hann náð af sér skóm og tösku. Óskaði Guðrún aðstoðar lögreglu við að ná af ákærða veski, sem hefði verið í töskunni. Jafnframt kærði hún hann fyrir þjófnað. Fór lögreglan með Guðrúnu heim til hennar og þaðan að Skeiðarvogi 97, þar sem gerð var árangurslaus tilraun til að fá ákærða til að afhenda veskið. Eftir þetta fór Guðrún heim til móður sinnar.

Þar eð sést hafði til ferða ákærða í bifreiðinni R 59610 við Torfufell 31 skömmu áður en eldsins varð vart, var lýst eftir henni. Fannst hún

skömmu síðar við Suðurhóla 24. Þar kom til dyra móðir ákærða, Randý Arngrímsdóttir, og kvað hún ákærða hafa komið þangað um kl. 4.00. Var ákærði í íbúðinni og var hann handtekinn þar um kl. 6.10. Kannaðist ákærði ekkert við að hafa komið að Torfufelli fyrr um nóttina eða að hafa hitt Guðrúnu, fyrrverandi eiginkonu sína, kvöldið áður.

Vegna bruna þessa fór fram vettvangsrannsókn af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins og önnuðust hana rannsóknarlögreglumennirnir Björgvin Björgvinsson og Kristján Friðþjófsson. Í skýrslu þeirra um rannsókn þessa segir svo:

— — —

Ákærða voru tekin blóð- og þvagsýni til rannsóknar á innihaldi alkóhóls og lyfja kl. 7.35 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar blóðsýnis reyndist alkóhólmagn í því 2,05 ‰, og í þvagi mældist magn alkóhóls 2,92 ‰. Þá var í blóðinu vottur af díazepamí og 140 ng/mg af nordíazepamí, sem er umbrotsefni díazepams. Í þvagini var hvorki amfetamín, kannabínóíðar, benzóýlekgónín eða kókain né morfin í mælanlegu magni. Staðfestu niðurstöður lyfjarannsóknar að ákærði hefði neytt lítils magns díazepams skömmu áður en sýnin voru tekin, en ekki annarra fyrrgreindra vímuefna.

Ákærði var yfirheyrður um sakarefnið eftir hádegi sama dag og neitaði hann þá sakargiftum harðlega.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna og endanlegum framburði ákærða.

Guðrún Óskarsdóttir, nú til heimilis að Engjaseli 86, Reykjavík, kveður ákærða hafa komið til sín um hádegisbil laugardaginn 4. júní sl. Var ákærði þá allsgáður og var hann að hjálpa móður sinni við flutning. Ákærði kom síðan aftur heim til vitnisins seinna um daginn og var þá einnig allt í lagi með hann. Bað vitnið hann um að aka sér á matsölustað, þar sem vitnið var ekki með neitt að borða heima hjá sér, og gerði hann það. Vitnið drakk rauðvín með matnum, en ákærði mjög lítið og borðaði ekkert. Eftir þetta óku þau áleiðis heim til vitnisins. Á leiðinni tók vitnið eftir því, að ákærði var í vondu skapi, og ákvað því að hleypa honum ekki inn til sín. Ákærði elti hins vegar vitnið að útidyrum, og sagði vitnið honum þá að það vildi ekki fá hann inn. Tók ákærði þá í vitnið og ýtti því að dyrunum og kom til stimpinga milli þeirra. Ákærði tók fast í annan handlegg vitnisins og um háls þess og skipaði því að opna. Streittist vitnið á móti og náði að rífa sig laust, en við það náði ákærði að slita af því kventösku sem það var með í ól um öxlina. Hljóp vitnið á brott og missti af sér annan skóinn. Einnig sparkaði það af sér hinum skónum til að geta hlaupið hraðar. Hljóp ákærði á eftir vitninu og náði í það tvisvar, en vitnið

náði að rífa sig laust í bæði skiptin og að lokum fela sig. Ók ákærði þá á brott og leitaði vitnið þá til lögreglunnar. Ók lögreglan vitninu heim til þess, þar sem það skipti um föt og fór í skó. Er vitnið var þar, hringdi ákærði og ræddi vitnið við hann. Þaðan ók lögreglan vitninu í Skeiðarvog 97 í þeim tilgangi að fá ákærða til að afhenda vitninu greint veski, sem í voru 15.000 krónur og þrjár bankabækur. Náði vitnið þar tali af ákærða og sá að hann var orðinn verulega undir áhrifum einhverra vímuegja. Er hann áttaði sig á, að vitnið var í fylgd lögreglu, varð hann alveg brjáláður, og sneri vitnið þá frá, gaf skýrslu hjá lögreglunni og fór heim til móður sinnar, þar sem það óttaðist hefndarráðstafanir ákærða.

Við meðferð málsins 7. þ.m. kvað vitnið að viðgerð hefði farið fram á íbúð þess og hún kostað um eina milljón króna sem Húsatryggingar Reykjavíkur hefðu greitt. Allt innbú hefði hins vegar verið ótryggt og væri það enn óbætt.

— — —

Svo sem fyrr greinir, neitaði ákærði í upphafi algerlega öllum sakargiftum. Síðla dags hinn 5. júní krafðist Rannsóknarlögregla ríkisins gæsluvarðhalds yfir ákærða. Í yfirheyrslu fyrir sakadómi í tilefni af þeirri kröfu skýrði ákærði svo frá að hann hefði verið á dansleik í veitingahúsinu Hollywood kvöldið áður og farið þaðan um kl. 2.00 um nóttina. Kvaðst ákærði hafa tekið leigubifreið að Torfufelli 31 í þeim tilgangi að heimsækja Guðrúnu, fyrrum eiginkonu sína. Kvaðst hann hafa komist inn í stigaganginn með því að brjóta rúðu og teygja sig í læsingu. Því næst hefði hann gengið upp á 4. hæð og sparkað upp hurðinni á íbúð Guðrúnar. Ákærði kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hve lengi hann hefði verið inni í íbúðinni, en þar hefði enginn verið fyrir.

Ákærði játaði að hafa borið eld að gluggatjöldum í stofu og rúmteppi í svefnherbergi, en ekki víðar í íbúðinni, „svo að hann áttaði sig á“. Kvaðst ákærði hafa notað kveikjara til verksins, en neitaði að hafa hellt eldfimum efnum á eldinn. Ákærði kvaðst á hinn bóginn hafa reynt að kæfa eldinn með því að „dusta á hann“, enda tilgangurinn ekki verið annar en valda lítils háttar skemmdum á eignum Guðrúnar. Ákærði kvaðst álíta, að hann hefði yfirgefið íbúðina fljótlega eftir að hann hafði kveikt í, en þá talið sig vera búinn að „slá á eldinn“. Hefði hann þó hvorki notað vatn né önnur áhöld eða tæki til að ráða niðurlögum hans, heldur einungis hendur. Eftir að ákærði yfirgaf íbúðina, kvaðst hann hafa farið fótgangandi að Suðurhólum 24, þar sem hann hefði svo verið handtekinn í íbúð móður sinnar.

Ákærði kvaðst ekki geta útskýrt hvað sér gekk til með verknaðinum, en kvað undirrótina vera þá að hann ætti við geðræn vandamál að stríða.

Hefði hann verið 15 daga á geðdeild og aðra 10 á göngudeild í ágúst-september árið 1987. Þá kvað ákærði að saman við þetta fléttuðust fjárhagsleg áföll, sem hann hefði orðið fyrir.

Í beinu framhaldi af framburði ákærða var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til 6. júlí sl. Var hann allan þann tíma, samtals 32 daga, í varðhaldinu.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 13. júní sl. skýrði ákærði nánar frá málavöxtum, en áður hafði hann greint frá því að þau Guðrún, fyrrverandi eiginkona ákærða, hefðu farið saman á veitingastað umræddan dag. Ákærði kvað þau hafa komið að Torfufelli 31 milli kl. 21.00 og 22.00 að kvöldi 4. júní sl. Þar fyrir utan hefði verið kallað til Guðrúnar úr leigubifreið. Tveir menn hefðu verið í bifreiðinni, bifreiðarstjórinn og farþegi í framsæti. Hefði Guðrún fyrst gengið í áttina að leigubifreiðinni, en síðan að anddyrinu og ákærði fylgt henni eftir. Er hún hefði verið að opna, hefði hún virst skipta um skoðun og ekki viljað hleypa ákærða inn og ýtt honum frá sér. Þar næst hefði hún hlaupið út á planið og sparkað af sér skónum. Kvaðst ákærði halda að hann hefði haldið á töskunni fyrir Guðrúnu og taskan orðið eftir, er Guðrún hljóp frá. Ákærði kvaðst nú hafa ekið upp í Suðurhóla og skilað bifreiðinni, en farið þaðan niður í Skeiðarvog, þar sem faðir ákærða býr. Hefði hann tekið með sér dótið sem Guðrún hefði skilið eftir. Þar á meðal hefði verið rauðvínsflaska sem verið hefði í töskunni. Kvaðst ákærði hafa drukkið úr flöskunni. Ákærði mundi eftir að hafa talað við Guðrúnu í síma. Mundi hann ekki hvort hann hefði sjálfur hringt í hana, en taldi frekar að Guðrún hefði hringt í sig og verið að spyrja um töskuna. Hefði ákærði sagt henni að koma og sækja hana og hún komið og bankað. Ákærði hefði boðið henni inn, en það hefði hún ekki viljað. Kvaðst ákærði hafa tekið eftir að Guðrún var á bifreið sem merkt var litlu lögreglumerki, en þau ekki rætt það sérstaklega. Hún hefði staðið við mjög stutt og dót hennar orðið eftir hjá sér. Eftir að ákærði hafði drukkið rauðvínið, kvaðst hann hafa farið í Hollywood og dvalist þar fram eftir nóttu. Þar hefði hann drukkið töluvert og myndi hann óglögg eftir því sem þar gerðist. Þaðan hefði hann farið í leigubifreið upp í Torfufell. Þar hefði hann hringt dyrabjöllunni hjá Guðrúnu, en enginn svarað. Þá hefði hann farið að bakdyrunum, en ekki komist þar inn. Hefði hann þá farið aftur að aðalinngangi og hringt aftur dyrabjöllunni, og gæti verið, að hann hefði hringt fleiri bjöllum. Hefði hann ekkert svar fengið og þá tekið stein og brotið rúðu við dyrnar og teygst sig þar inn og opnað læsinguna að innanverðu. Síðan kvaðst ákærði hafa farið upp stigaganginn að íbúð Guðrúnar og hringt þar bjöllu, en ekkert svar fengið. Þá hefði hann sparkað hurðinni upp og farið inn í íbúðina.

Ákærði kvaðst muna, að lögreglan hefði komið þarna og spurt, hvort

eitthvað væri að, og ákærði þá svarað, að allt væri í lagi. Ákærði kvaðst ekki muna, að hann hefði sagt, að hann væri húsráðandi þarna. Eftir að lögreglan var farin, kvaðst ákærði hafa sest niður og farið að hugsa um það, sem gerst hafði í samskiptum hans og Guðrúnar á liðnum árum. Hefði komið upp í hugann, að eitt sinn, er ákærði hefði komið af sjónum eftir nokkurra daga fjarveru, hefði komið í ljós, að brunagat hefði verið komið á „pullu“ í leðursófanum. Hefði ákærði þá farið að hugleiða að sviða „pulluna“ meira og kveikt á kveikjara og haldið honum að „pullunni“. Eftir það kvaðst ákærði hafa farið í svefnherbergið og gert eitthvað slíkt við rúmföt þar. Ákærði mundi ekki eftir að hafa kveikt í inni í barna-herbergi og ekki heldur í bréfadóti í eldhúsi.

Ákærði kvað erfitt að lýsa því hvað vakað hefði fyrir sér með verknaðinum. Kvaðst ákærði hafa viljað eyða því sem á undan var gengið milli sín og Guðrúnar, en taldi sig ekki hafa verið sérstaklega að hefna sín með þessu á henni. Kvað ákærði það ekki hafa komið upp í huga sér að hann kynni að valda hættu fyrir annað fólk í húsinu og það alls ekki verið tilgangurinn með verknaðinum.

Við meðferð málsins játaði ákærði skýlaust að hafa brotist inn í framangreint hús umrætt sinn, svo sem í ákæru greinir, og að hafa í framhaldi af því brotist inn í íbúð fyrrverandi eiginkonu sinnar og eftir stutta viðdvöl borið þar eld í innanstokksmuni á þeim 4 stöðum, sem upp eru taldir í ákæru.

Ákærði kvaðst ekkert hafa hugsað út í hvaða afleiðingar þetta gæti haft í för með sér. Þá kvaðst hann ekki heldur gera sér grein fyrir, hvað kom sér til að gera þetta, en kvað verknaðinn þó hafa tengst samskiptum þeirra Guðrúnar. Ákærði kvaðst þó aldrei hafa borið neinn hefndarhug til hennar.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, voru Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur og Guðmundur Haraldsson, deildarstjóri í Brunamálastofnun ríkisins, tilnefndir af Brunamálastofnun ríkisins til að láta uppi álit um það hvort umrædd íkveikja hefði haft í för með sér almannahættu.

Í skýrslu þeirra, dagsettri 1. júlí sl., segir m.a. um athugun á dyrunum að íbúðinni á 4. hæð Torfufells 31, að þær hefðu haldið eldi í mesta lagi 20 mínútur til viðbótar, en karmfrágangurinn að hámarki um 15 mínútur. Hefðu dyrnar á þessum tíma hleypt verulegu magni reykjar í gegnum sig. Þá verði að ætla, þar sem dyrunum hefði ekki verið fulllokað, hefði reykheldni þeirra verið mun minni en að framan greinir.

Um hugsanlega þróun brunans segir í skýrslunni, að gera verði skil milli óhefts bruna annars vegar og bruna með tilliti til afskipta slökkviliðs hins vegar. Segir síðan, að óheftur hefði eldurinn breiðst út um íbúðina svo að

hún hefði orðið alelda á nokkrum mínútum, með mestu afli í stofu og svefnherbergjum. Hefði forstofuhurðin brunnið í gegn á um 20 mínútum (miðað við lokaðar dyr) og eldur og reykur borist fram á stigaganginn. Þak hússins hefði byrjað að brenna á nokkrum mínútum og gluggi á stiga-húsinu brotnað og þá hefði megnið af hitanum og reyknum borist þá leiðina út. Telja megi fullvíst að hurðirnar inn í íbúðirnar á 4. hæð hefðu haldið eldinum úti, enda þótt reykur hefði borist inn í þær og valdið skemmdum. Sé hins vegar tekið tillit til slökkviaðgerða, þá sé húsið á svæði Slökkviliðs Reykjavíkur, og megi ætla meðalbiðtíma eftir því innan við 10 mínútur, og miðað við tækjabúnað og þjálfun slökkviliðsins eigi það að ráða niðurlögum elda á borð við þann, sem var að magnast í íbúðinni, á fáeinum mínútum.

Samkvæmt skýrslu þessari og öðrum gögnum málsins var alls 21 íbúi í 10 íbúðum hússins, er bruninn varð. Voru 17 íbúanna sofandi og þar af fjórir á 4. hæð. Er slökkvilið kom á vettvang, höfðu ellefu komist út um stigagang, níu biðu á svölum, og einn íbúi á 1. hæð hússins svaf.

Í niðurstöðu álitsgerðarinnar segir svo:

„Eins og fram kemur hér að ofan, teljum við, að enginn íbúi hússins hafi verið í yfirvofandi lífshættu í brunanum. Slökkviliðsmenn í hraðakstri að brennandi húsi, þar sem fólk er inni, eru ætíð í nokkurri lífshættu. Hefði eldurinn náð að brenna lengur en raun varð á, var skammt að biða þess að hann næði inn á þak hússins, sem þá hefði skemmst verulega ásamt sameiginlegu stigahúsi. Reykskemmdir í íbúðum á fjórðu hæð hefðu orðið verulegar.“

Matsmennirnir komu báðir fyrir dóm og staðfestu þessa álitsgerð sína og gáfu skýrslu.

Vitnið Guðmundur Gunnarsson kvað að miðað við óhefta þróun eldsins hefðu verið líkur á að fólk á 4. hæð hefði orðið fyrir reykeitrin, en erfitt væri að segja til um, í hve mikilli lífshættu það hefði getað verið, hefði það ekki vaknað fljótlega, og færi það eftir því í hvaða ástandi fólkið hefði verið. Ef fólkið hefði t.d. verið ölvað, hefðu verið meiri líkur á, að það hefði verið í lífshættu. Kvað vitnið niðurstöðu álitsgerðarinnar grundvallaða á því hvernig aðstæður séu almennt hér í Reykjavík við aðgerðir slökkviliðs og getu.

Miðað við óhefta þróun eldsins, kvað vitnið, að allar innréttingar og innbú í íbúðum á 4. hæð hefðu eyðilagst. Þá hefðu verulegar líkur verið til þess að þakið hefði stórskemmt.

Vitnið Guðmundur Haraldsson kvað niðurstöður álitsgerðarinnar miðaðar við raunverulegar aðstæður á brunastað, eins og atvik urðu. Kvað vitnið, að ef eldur hefði náð að breiðast óheftur út og fólk verið sofandi í íbúðinni á 4. hæð og án þess að verða vart við eldinn svo fljótt sem raun varð á,

hefði það getað verið í lífshættu og þeim mun meiri sem lengri tími hefði liðið frá eldsupptökum. Þá kvað vitnið, að miðað við óhefta þróun eldsins hefðu íbúðir á 4. hæð stórskemmst og þakið eyðilagst.

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar, dagsettu 5. júní sl., voru austsuð-austan 4 vindstig klukkan 3.00 umrædda nótt. Klukkan 6.00 um morguninn var sami vindstyrkur. Mest veðurhæð milli athugana var 5 vindstig. Þá var úrkoma í grennd og hiti á bilinu frá 8,5 stigum á C° klukkan 3.00 um nóttina niður í 7,6 stig á C° klukkan 6.00 um morguninn.

Ákærði var látinn gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni í þágu rannsóknar málsins og annaðist hana Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans. Í niðurstöðu skýrslu geðlæknisins, sem dagsett er 27. sl., segir svo:

„Ályktun:

Að mínu áliti er Gunnar Gunnarsson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) á þessari stundu né greindarskorti. Ekki er heldur sennilegt að um formlegan geðsjúkdóm hafi verið að ræða á þeirri stundu er framan-greindur verknaður átti sér stað, þó að líklegt megi teljast, að geðslag Gunnars hafi þá og undanfarna mánuði einkennst meira af þunglyndi og kvíða en hann hefur átt vanda til áður fyrr. Hins vegar greinast merki um persónuleikatrufnanir, skapgerðarbresti og einnig vísbendingar um hugsanlega misnotkun áfengis og neyslu ólöglegra fíkniefna, þó að ekki sé ljóst, í hvaða mæli neysla hefur verið á síðast töldu efnunum.

Á sl. ári, nánar til tekið 29.8.-14.9. og 25.9.-5.10 1987, vistaðist Gunnar á geðdeildum vegna formlegs geðsjúkdóms (manio-depressive psychosis). Svo virðist sem sjúkdómurinn hafi haft nokkuð langan aðdraganda og í fyrri sjúkráhússlegunni varð ljóst að Gunnar var haldinn manísku ástandi. Einkennandi fyrir þann sjúkdóm er ofvirkni, sjúklingurinn er oft hátt uppi, mjög ör, talar stanslaust, stundum skortur á sjúkdómsinnisæi og dóm-greindarleysi. Enn fremur er einkennandi fyrir manio-depressive psychosis sjúkdómsferill þar sem skiptast á maníur og þunglyndi, gjarnan hvort á fætur öðru. Í seinni sjúkráhússlegunni bar meira á þunglyndiseinkennum, þó ekki svo áberandi, að ástæða væri talin til sérstakrar meðferðar. Vanlíðan sú, er Gunnar lýsir undanfarna mánuði, þ.e. áhyggjur, þunglyndi og kvíði, getur verið í samræmi við framangreindan sjúkdómsferil.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Gunnar er nú grunaður um, þá vega sennilega þyngst framangreindir skapgerðargallar samfara áfengisáhrifum, en auk þess beiskja í garð fyrrum eiginkonu og andleg vanlíðan undanfarna mánuði. Þrátt fyrir þetta verður þó að telja að raunveruleikamat og dómgreind Gunnars Gunnarssonar á þeirri stundu, er framangreindur atburður varð, hafi verið með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Þá lagði Heiðdís Sigurðardóttir sálfræðingur nokkur sálfræðipróf fyrir ákærða.

Samkvæmt greindarprófi Wechslers mældist greindarvísitala ákærða 102 stig og telst ákærði samkvæmt því í meðallagi greindur. Niðurstaða „standard“-útgáfu Raven-prófsins samsvaraði vel niðurstöðum greindarprófs Wechslers.

Útkoma úr EPQ-persónuleikaprófinu gaf allsterka vísbendingu um taugaveiklun og benti til tilfinningalegs óstöðugleika, skapgerðarbrestra og tilhneigingar til kvíða og/eða þunglyndis. Segir í skýrslu sálfræðingsins að slíkir einstaklingar geti oft verið órólegir, auðæstir og jafnvel árásargjarnir. Bregðist þeir oft harkalega við hvers kyns áreiti og einnig eigi þeir erfitt með að ná sér aftur eftir tilfinningalega áreynslu. Geti hin sterku viðbrögð oft truflað eðlilega aðlögun og leitt til óskynsamlegra viðbragða og stífni.

Samkvæmt niðurstöðum MMPI-persónuleikaprófsins er algengt að einstaklingar samkvæmt persónuleikagreiningu ákærða séu tortryggir, sjái umheiminn sem andsnúinn sér og refsandi. Oft sé um „tilvísunarhugmyndir“ að ræða, tilfinningalegan óstöðugleika, öryggisleysi, spennu og kvíða. Slæm aðlögun í hjónabandi sé algeng. Lendi viðkomandi oft í andstöðu við yfirboðara sína og upp á kant við þjóðfélagið.

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur málöggn, að hann hafi greinda nótt brotist inn í stigagang sambýlishússins að Torfufelli 31 hér í borg með því að brjóta rúðu við útidyr á jarðhæð og í framhaldi af því brotist þar inn í mannlausa íbúð fyrrverandi eiginkonu sinnar, Guðrúnar Óskarsdóttur, á 4. hæð til hægri í húsinu.

Samkvæmt gögnum málsins hefur þess eigi verið krafist af neinum þeim, sem misgert var við með framangreindu atferli, að ákærði sætti opinberri ákæru vegna þess. Var því eigi grundvöllur útgáfu ákæru á hendur ákærða vegna ofangreindrar háttsemi, sbr. 2. tl. a 2. mgr. 242. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ber því að vísa þessum þætti ákærunnar frá dómi ex officio.

Á hinn bóginn er sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það sem fram er komið í málinu, að hann hafi í framhaldi af innbrotinu í íbúðina, eftir stutta viðdvöl þar, borið eld í innanstokksmuni í fjórum herbergjum hennar, í leðursófa í stofu, í eldhúsi, í svefnherbergi og í barnaherbergi, svo að af hlaust eldsvoði og verulegt eignatjón varð á íbúðinni og innbúi öllu.

Eigi er fyllilega ljóst hvað ákærða gekk til með innbrotinu í íbúðina. Er þangað var komið kveðst ákærði hafa farið að hugsa um samband þeirra Guðrúnar og viljað eyða því sem á undan var gengið milli þeirra. Verður að miða við það að ásetningur ákærða um að kveikja eld í íbúðinni hafi

eigi myndast fyrr en á þeirri stundu. Ákærði kveikti síðan í á fjórum stöðum með þeim afleiðingum að eldur læstist í íbúðina. Var brot ákærða fullframið er eldurinn hafði náð að festast í viðum hennar svo að slökkvi-aðgerða var þörf.

Ákærði kveikti í íbúð í fjölbýlishúsi að næturlagi þegar búast má við að fólk sé sofandi. Að mati dómsins gat ákærða eigi dulist að með háttsemi sinni stofnaði hann bæði lífi fólks í húsinu í bersýnilegan lífsháska og að hætta var á yfirgripsmikilli eyðingu eigna annarra manna. Svo heppilega vildi hins vegar til að íbúi í húsinu, sem var vakandi, varð var við eldinn og gerði viðvart um hann svo tímanlega að fólk gat forðað sér út úr húsinu um stigagang eða farið út á svalir og slökkvilið kom á vettvang svo fljótt sem raun varð á og kom í veg fyrir frekara eignatjón en þegar var orðið.

Þykir framangreint atferli ákærða varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 164. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er sakhæfur að mati dómsins. Samkvæmt sakavottorði sínu hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Fjórir refsíðómar og þrjár sektir samkvæmt dómsátt, allt vegna brota gegn umferðarlögum.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr., 164. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár og sex mánuði. Refsilækkunarástæður 74. og 75. gr. hinna almennu hegningarlaga þykja hér eigi koma til greina. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 5. júní til 6. júlí sl., samtals 32 dagar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa hefur verið höfð uppi í máli þessu.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000,00 krónur, og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og þykja einnig hæfileg 60.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Gunnarsson, sæti fangelsi tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu 32 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur, og saksóknarlaun, 60.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð.